

**Fundargerð 14. stjórnarfundar sem haldinn var á Sel Hóteli við Mývatn 3.- 4. okt. 2008.**

Mætt: Anna Kristín Ólafsdóttir, Ólöf Ýrr Atladóttir, Böðvar Pétursson, Eiríkur Björn Björgvinsson (3/10), Elín Heidi Valsdóttir, Þórunn Pétursdóttir, Magnús Hallgrímsson og Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri.

Boðuð forföll: Hjalti Þór Vignisson, í stað hans sat Sigurlaug Gissurardóttir fundinn.

1. *Samþykkt dagskrár*

- Samþykkt

2. *Samþykki fundargerðar 12. stjórnarfundar 2. sept. 2008 og 13. fundar 24. sept. 2008*

- Samþykktar

3. *Rekstrarmál 2008*

- *Verndaráætlun- framvinda-samræming-umræða*  
Fundur var haldinn 3. október með fulltrúum verkefnisins, stjórn, svæðisráðum, þjóðgarðsvörðum og framkvæmdastjóra. Verkefnið og fyrirhuguð framvinda þess kynnt.
- *Landvarsla 2008-fundir með landvörðum-kynning*  
Haldnir hafa verið fundir með nokkrum hópum landvarða. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri hafa ásamt þjóðgarðsvörðum setið fundina. Á þeim fundum var m.a. rætt innra starf, svæðin, tenging á milli svæða. Eftir er að funda með nokkrum hópum og líkur því í næstu viku. Slíkir fundir munu verða haldnir reglulega í lok starfstímabils.
- *Skipurit og starfslýsingar*  
Beðið er eftir að öll svæðisráð hafi fjallað um tillögur, að því loknu mun stjórnin taka málið upp aftur til afgreiðslu.
- *Starfsmannamál*
  - Bíður næsta stjórnarfundar.
- *Gestastofa á Skriðuklaustri-staða*  
Hönnun í ferli, jarðvinnuútboð gæti verið tilbúið eftir um 4-5 vikur
- *Heinabergssvæðið-kynning*
  - Fari í vinnuferli verndaráætlunar. Ræddir möguleika á lagfæringu vegar inn á svæðið (Vegagerðin). Rætt verði við eigendur Jökulfells að Hólmi.(ÞHÓ)

- *Heimasíða-opnun-ákvörðun*
  - Bíður næsta stjórnarfundar.
- *Samvinna þjóðgarða-kynning*  
 Þar eru m.a. rædd samvinna um landvarðanámsskeið og fleiri sameiginleg mál.

#### 4. *Fjárlagagerð 2009-umræða*

- Bíður næsta stjórnarfundar.

#### 5. *Rekstur og framkvæmdir 2009-kynning/umræða*

- *Rekstraráætlun 2009*
  - Bíður niðurstöðu fjárlaga 2009, stefnt á næsta stjórnarfund.
- *Framkvæmaáætlanir svæða-umræða*
  - Bíður niðurstöðu fjárlaga 2009, stefnt á næsta stjórnarfund.
- *Jöklasýning á Höfn-kynning*  
 Rætt var um samvinnu og aðkomu að rekstri árið 2009.
  - Endanleg ákvörðun bíður niðurstöðu rekstraráætlunar fyrir árið 2009
- *Myndkynningarefni fyrir þjóðgarðinn-kynning*
  - Bíður næsta stjórnarfundar.
- *Vestmorrænt skógarverkefni-kynning/ákvörðun*
  - Í ljósi óvissrar fjárhagsstöðu var ákveðið að verða ekki þátttakendur, nema ekki komi til útgjalda.

#### 6. *Önnur mál*

- *Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir Dettifossveg, vestan Jökulsár-staða*
  - Fundur verður haldinn með Vegagerðinni.
- *Þjóðgarðsvörður á Kirkjubæjarklaustri*
  - Ákvörðun verður tekin um leið og fjárveiting vegna 2009 liggur fyrir.

#### 7. *Næsti stjórnarfundur*

- Verður tímasettur m.t.t. framvindu fjárlagavinnu fyrir árið 2009.

ÞHÓ ritaði fundargerð 301008  
 Samþykkt á stjórnarfundum 221208